## 5. HÓPAR

## Hvernig bý ég til hóp á Teams?

Sjá leiðbeiningar fyrir "Hvernig bý ég til nýtt Teams svæði", lið 5. – 7.

Til að ákveða hvaða meðlimir hópsins hafa leyfi til að gera hvað á svæðinu, sjá leiðbeiningar fyrir "**Hvernig breyti ég nafninu á Teams svæðinu**".

## Hvernig býð ég fólki í Teams hópinn minn?

- 1. Smelltu á þrípunktinn hægra megin við nafn rásar. Smelltu á **Bæta við aðila** (Add a member) á listanum sem þar birtist.
- 2. Nú geturðu leitað að fólki eftir nafni eða netfangi og boðið þeim í hópinn.

**ATH!** Þú þarft að vera Eigandi rásar (Owner) til að geta bætt við þátttakendum eða fjarlægt þá.

**ATH!** Það er bara hægt að bæta aðilum við lokaðar (private) rásir og samnýttar rásir (shared). Þegar venjulegar (standard) rásir eru búnar til fara allir meðlimir Teymisins (Team) sjálfkrafa í rásina (hópinn).